

**107. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
4. júní 2019 og hófst hann kl. 14:00.**

Fundinn sátu:

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Kristinn Hallur Sveinsson varamaður, Brynhildur Björg Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Heiða B. Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Sylvía Hera Skúladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1905391 - Sumarstarf Þorpsins 2019

Kynning á sumarstarfi Þorpsins árið 2019.

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála kom og kynnti sumarstarfið í Þorpinu.

Skóla- og frístundaráð þakkar gott yfirlit á sumarstarfi Þorpsins og óskar eftir að verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála greini áhrif vegna laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

2. 1808057 - Starfshópur um framtíðarþörf á leikskólaplássum á Akranesi

Lögð fram skýrsla starfshóps um framtíðarþörf á leikskólaplássi á Akranesi.

Björg Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Heiða B. Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsmanna í leikskóla og Sylvía Hera Skúladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskóla.

Ingunn Ríkharðsdóttir leikskólastjóri og Vilborg Valgeirs dóttir aðstoðarleikskólastjóri kynna lokaskýrslu fyrir hönd starfshópsins.

Leikskólastarf á Akranesi er til fyrirmynðar í margvíslegum skilningi og það er vilji fulltrúa í skóla- og frístundaráði að svo verði áfram. Starfshópurinn fékk viðamikið verkefni og nauman tíma til athafna og eru starfshópnum færðar þakkar fyrir þeirra vinnu og framlag til umbóta í leikskólastarfi á Akranesi.

Skóla- og frístundaráð leggur til, í ljósi niðurstaðna starfshóps, að byggður verði nýr leikskóli sem byggir á þarfagreiningu með hagsmunaaðilum.

Ráðið leggur einnig til að leiðir verði skoðaðar til að bæta starfsaðstæður barna og starfsfólks í eldri byggingum leikskólanna. Sviðstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að koma með útfærðar tillögur í þessu efni sem innlegg í fjárhagsáætlanagerð ársins 2020.

Með því að ráðast í byggingu á nýjum leikskóla næst að mæta ákalli eftir meiri þjónustu leikskólastigsins, íbúaþróun og nýjum hugmyndum um gæði húsnaðis. Þessi hugmynd gerir ráð fyrir því að leikskólinn Garðasel flyttist í nýtt húsnæði sem

SMH

skapar hagræði í stjórnun og rekstri og mætir að einhverju leiti húsnæðisþörf Grundaskóla.

Skóla- og frístundaráð felur sviðstjóra skóla- og frístundasviðs að leggja mat á áætlaða þörf fyrir leikskólapláss næstu fimm árin byggt á þeim upplýsingum sem koma fram í skýrslu starfshópsins. Jafnframt er sviðstjóra falið að afla upplýsinga um búsetu dreifingu barna á leikskólaaldrí og spá fyrir um þróun hennar. Umbeðin gögn fylgi tillögu skóla- og frístundaráðs um byggingu nýs leikskóla inn í bæjarráð.

Skóla- og frístundaráð þakkar starfshópi fyrir góð störf og kynningu á niðurstöðum.

3. 1905259 - Þjónustuþörf leikskóla skólaárið 2019-2020

Þjónustuþörf leikskólanna fyrir komandi skólaár 2019-2020.

Björg, Heiða og Sylvía sitja áfram undir þessum lið.

Skóla og frístundaráð óskar eftir viðbótarfjármagni við fjárhagsáætlun ársins 2019 vegna aukningar á stöðugildum sérkennslu í leikskólum Akraneskaupstaðar. Ósk um viðauka vegna 2019 er 17,7 millj. kr.

4. 1905141 - Styrkir - íþróttá- og tómstundafélög

Úthlutun styrkja til íþróttá- og tómstundafélaga 2019.

Umsóknir bárust frá 18 aðilum vegna þjálfunar og leiðsagnar barna og unglings 3 - 18 ára.

Styrktímabil er frá 1. janúar - 31. desember 2018.

Styrkjum er úthlutað samkvæmt viðmiðunarreglum.

Iökendatölur byggja á skráningu í Nóra kerfinu.

Skóla- og frístundaráð lýsir ánægju með fjölda umsókna og fjölgun iðkenda. Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu um úthlutun og vísar til staðfestingar í bæjarráð.

5. 1905401 - FVA og Akraneskaupstaður- aukið samstarf

Umræða um FVA og Akraneskaupstaður- aukið samstarf.

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að móta tillögu um aukið samstarf grunnskólanna og FVA.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.

*Sandra M. Sigurðardóttir
Ragnar Sæmundsson
Kristján H. Sveinsson
Frífhjörð Ágúst Sigvaldardóttir*